

Nd.

383. Frumvarp

til stjórnarskipunarlags um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðasti másl. 9. gr. stjórnarskrár, nr. 9, 18. maí 1920, orðist svo:
Ráðherra hefir aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

11. gr. sömu laga orðist svo:

Konungur skipar ráðherra og veitir honum lausn. Með lögum má fjölga ráðherrum.

3. gr.

12. gr. sömu laga orðist svo:

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði. Ráðherra skipar ríkisráð, og á ríkisarfí sæti í því þegar hann er lögráða. Konungur er forseti ríkisráðsins. Ríkisráðsfundi má halda utan Íslands.

4. gr.

13. og 14. gr. sömu laga falla burtu.

5. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 18. gr. sömu laga komi:

annaðhvert ár.

Með lögum má ákveða, að Alþingi skuli háð árlega.

6. gr.

Í stað orðanna »á ári« í endi 19. gr. sömu laga komi:

fundum sama þings.

7. gr.

1. málsg. 26. gr. sömu laga orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 42 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Í stað »26« í 2. málsg. sömu gr. komi: 28, og í stað »34« í 3. málsg. sömu gr. komi: 36.

8. gr.

27. gr. sömu laga orðist svo:

Þingmenn, kosnir í sjerstökum kjördæmum, skulu kosnir til 6 ára, en þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, til 12 ára, og fer helm-ingur þeirra frá sjötta hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt.

9. gr.

28. gr. sömu laga skal orða þannig:

Nú deyr þingmaður eða fer frá á kjörtíma, og var hann kosinn óhlutbundinni kosningu; skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtíma. Ef sæti þingmanns, sem kosinn var hlutbundinni kosning, verður autt með sama hætti, tekur sæti hans varamaður sá, sem í hlut á; en vara-

menn skulu vera jafnmargir og þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum, enda kosnir á sama hátt og samtímis.

10. gr.

29. gr. skal hljóða svo:

Kosningarrjett til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, hafa ríkisborgararrjett hjer á landi og hafa verið búsettir hjer á landi síðustu 5 árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sje fjár sins ráðandi.

Gift kona telst fjár sins ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sinum.

Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar og um það, i hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna.

11. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« i 31. gr. sömu laga komi:
annaðhvert ár.

12. gr.

Í stað orðsins »fjárhagsár« i 38. gr. sömu laga komi:
fjárhagstímabil.

13. gr.

Stjórnarskipunarlagabreyting þessi öðlast gildi 1. maí 1924.

ÁKVÆÐI UM STUNDARSAKIR.

Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá 1926, falla niður 1934.